

## Breytingartillaga

við frumvarp til laga um breytingu á lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og lögum um skráningu raunverulegra eigenda (ráðstafanir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka).

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar  
(ÓBK, BN, BHar, JSV, OGH, ÓGunn, WÞÞ).

1. 1. gr. orðist svo:  
Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 2. gr. laganna:
  - a. A-liður orðast svo: Fjármálafyrirtæki samkvæmt skilgreiningu laga um fjármálafyrirtæki og lánveitendur og lánamiðlarar samkvæmt lögum um neytendalán og lögum um fasteignalán til neytenda sem ekki falla jafnframt undir n-lið.
  - b. N-liður orðast svo: Fasteignasölur, bifreiðumboð, fasteigna-, fyrirtækja-, skipa- og bifreiðasalar og fasteignafélög, hvort sem starfsemi snýst um beina leigu eða sölu þessara félaga á fasteignum.
  - c. Á eftir p-lið kemur nýr stafliður, svohljóðandi: Skartgripa- og gullsalar, þegar um er að ræða viðskipti í einni greiðslu eða fleiri sem virðast tengjast hver annarri, að fjárhæð 10.000 evrur eða meira miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni.
  - d. R-liður orðast svo: Önnur starfsemi, ótalin hér að ofan, þar sem lögaðilar og einstaklingar sem í atvinnuskyni eiga viðskipti sem greitt er fyrir með reiðufé, hvort sem viðskiptin fara fram í einni greiðslu eða fleiri sem virðast tengjast hver annarri, að fjárhæð 10.000 evrur eða meira miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni.
  - e. Við bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Aðilar sem geyma eða eiga viðskipti með listmuni, sem eru geymdir á geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vörur skv. 1. mgr. 69. gr. tollalaga, nr. 88/2005, þegar um er að ræða viðskipti í einni greiðslu eða fleiri sem virðast tengjast hver annarri, að fjárhæð 10.000 evrur eða meira miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni.
2. 3. gr. orðist svo:  
Í stað tilvísunarinnar „s-lið“ í e-lið 8. gr. laganna kemur: t-lið.
3. Á eftir 7. gr. komi ný grein, svohljóðandi:  
Í stað tilvísunarinnar „q-lið“ í a-lið 1. mgr. 36. gr. laganna kemur: r-lið.
4. Við 8. gr.
  - a. Við 1. efnismgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Ákvæði annarra laga um trúnaðar- og þagnarskyldu víkja fyrir ákvæðum þessarar greinar.
  - b. 1. másl. 2. efnismgr. orðist svo: Halda skal skrá um bankareikninga þar sem eftirtaldir upplýsingar skulu vera aðgengilegar.
  - c. 3. tölul. 2. efnismgr. orðist svo: Nafn og kennitala raunverulegs eiganda þess sem er eigandi reiknings, ef við á.

- d. 3. efnismgr. orðist svo:  
 Starfsmenn skrifstofu fjármálagreininga lögreglu skulu hafa aðgang að skrá um bankareikninga í þeim tilgangi að uppfylla skyldur sínar samkvæmt lögum þessum. Starfsmenn eftirlitsaðila samkvæmt lögum þessum skulu einnig hafa aðgang að upplýsingum í skránni um bankareikninga í þeim tilgangi að uppfylla skyldur sínar samkvæmt lögnum.
- e. Í stað orðsins „stofnun“ í 1. málsl. 5. efnismgr. komi: starfrækslu.
- f. 3. másl. 5. efnismgr. orðist svo: Þá skal í reglugerðinni kveðið á um hvaða stjórnvald skuli starfrækja skrána og hvernig eftirliti með notkun hennar skuli háttað.
5. Í stað „l-t-lið“ í a-lið 9. gr. komi: l-u-lið.
6. Á eftir 9. gr. komi ný grein, svohljóðandi: .....  
 Í stað tilvísunarinnar „i-s-lið“ í 5. mgr. 46. gr. laganna kemur: i-u-lið. ....
7. 3. efnismásl. 12. gr. orðist svo: Raunverulegum eiganda er skylt að veita skráningar- skyldum aðila upplýsingar skv. 2. mgr. sé þess óskað.